



TIKKURILA

UPPLÝSINGABLAÐ VÖRU

TIKKURILA

AKROSTOP

ÞÉTTIMÁLNING



LÝSING

Vatnsblönduð akrýlat þéttimálning. Kemur í veg fyrir smitun af völdum nikótíns, sóts, fljótandi bleks og vatns sem þornar á fletinum.

RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Veggir og loft innanhúss.

EIGINLEIKAR VÖRU

Til málunar á hlutum innanhúss sem hætta er á að efni leki úr, fara skal eftir notkunarleiðbeiningum. Hentar fyrir yfirborð úr eftirfarandi efnum, hvort sem það hefur áður verið málað eða ekki: Steinsteypa, gífs, múrsteinn, fylliefni, spónaplötur, gífsplötur með pappa, viðarþiljur, bjálkar og viðartrefjaplötur. Hentar ekki til málunar á yfirborði úr járni eða stáli. Kemur ekki í veg fyrir að efni leki út úr viðnum. Blandið vörunni ekki saman við aðrar vörur.



Ofangreindar upplýsingar eru ekki tæmandi. Upplýsingamar eru byggðar á prófunum sem gerðar voru á rannsóknarstofu sem og upplýsingum eftir raunnotkun, og eru veittar samkvæmt bestu vitund. Rekstrar- og framleiðslukerfi okkar tryggir gæði vörunnar sem er í samræmi við staðlana ISO 9001 og ISO 14001. Sem framleiðendur getum við ekki borið ábyrgð á þeim aðstæðum sem varan er notuð við, né þeim mörgu atriðum sem geta haft áhrif á notkun vörunnar. Við undanskiljum okkur ábyrgð á tjóni sem skapast vegna rangrar notkunar á vörunni eð vegna þess að ekki er farið eftir leiðbeiningum. Við áskiljum okkur rétt til að breyta uppgæfnum upplýsingum einhliða og án fyrirvara.



TIKKURILA

AKROSTOP

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

Litir	Litað hvítt
Gljástig	Full matt. 6/RT-flokkun
Þekja	6–8 m ² /l með hliðsjón af undirlaginu.
Dósastærð	1 l, 3 l, 10 l
Aðferð við notkun	Pensill, rúlla eða loftlaus úði – stútur 0,015–0,019 tommur, – þynning 0–10% miðað við rúmmál
Þurrktími	Rykþurrt eftir 1 klst. Má fara aðra umferð eftir 8 klst. Tilbúið fyrir yfirmálun eftir 24 klukkustundir.
Eðlisþyngd (kg/l)	U.þ.b. 1,3 kg/l, ISO 2811
Efnapól	Þolir hreinsiefni og mild leysiefni, t.d. terpentínu.
Þol gegn þrifum með blautum bursta	SFS-EN 13300 undirflokkur II, ISO 11998
Hitapól	85 °C, ISO 4211-3.
Þurrefni miðað við rúmmál (%)	41

Ofangreindar upplýsingar eru ekki tæmandi. Upplýsingamar eru byggðar á prófunum sem gerðar voru á rannsóknarstofu sem og upplýsingum eftir raunnotkun, og eru veittar samkvæmt bestu vitund. Rekstrar- og framleiðslukerfi okkar tryggir gæði vörunnar sem er í samræmi við staðlana ISO 9001 og ISO 14001. Sem framleiðendur getum við ekki borið ábyrgð á þeim aðstæðum sem varan er notuð við, né þeim mörgu atriðum sem geta haft áhrif á notkun vörunnar. Við undanskiljum okkur ábyrgð á tjóni sem skapast vegna rangrar notkunar á vörunni eð vegna þess að ekki er farið eftir leiðbeiningum. Við áskiljum okkur rétt til að breyta uppgæfnum upplýsingum einhliða og án fyrirvara.

AKROSTOP

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Notkunarskilyrði

Meðan málningarvinna fer fram og á þornunartíma verður lofthiti, yfirborðshiti og hitastig málningarinnar að vera yfir +80 °C og loftraki verður að vera undir 80%.

Undirbúningur yfirborðs

Fjarlægjið allt ryk og óhreinindi af yfirborðinu. Þvoið yfirborðið með Maalipesu samkvæmt leiðbeiningum á merkimiða. Fyllið upp í holur og sprungur með viðeigandi Tikkurila Presto eða Prestonit fylliefni og þússið yfirborðið þegar það hefur þornað. Fjarlægjið rykið sem myndaðist við þússninguna.

Málun

Hrærið vel í málningunni fyrir notkun. Berið eina eða tvær umferðir á með pensli, rúllu eða málningarsprautu. Berið lokaumferð á með viðeigandi efni.

Viðhaldsleiðbeiningar

Hægt er að hreinsa yfirborðið u.þ.b. 1 mánuði eftir málun ef nauðsyn krefur.

Hreinsið yfirborðið með rökum mjúkum svampi eða hreinsiklút, og hlutlausri þvottalausn (pH 6-8). Fylgið leiðbeiningum framleiðanda hreinsiefnisins um þynningu þegar þvottalausnin er blönduð. Yfirborðið má ekki vera blautt eftir að hreinsun er lokið.

Eftir að yfirborðið hefur verið meðhöndlað þarf að umgangast það varlega í nokkrar vikur, þar sem efnið nær fullri hörku og slitþoli eftir um það bil einn mánuð við venjuleg skilyrði. Ef hreinsa þarf yfirborðið stuttu eftir yfirborðsmeðhöndlun skal gera það varlega með rökum hreinsiklúti.

Ofangreindar upplýsingar eru ekki tæmandi. Upplýsingamar eru byggðar á prófunum sem gerðar voru á rannsóknarstofu sem og upplýsingum eftir raunnotkun, og eru veittar samkvæmt bestu vitund. Rekstrar- og framleiðslukerfi okkar tryggir gæði vörunnar sem er í samræmi við staðlana ISO 9001 og ISO 14001. Sem framleiðendur getum við ekki borið ábyrgð á þeim aðstæðum sem varan er notuð við, né þeim mörgu atriðum sem geta haft áhrif á notkun vörunnar. Við undanskiljum okkur ábyrgð á tjóni sem skapast vegna rangrar notkunar á vörunni eð vegna þess að ekki er farið eftir leiðbeiningum. Við áskiljum okkur rétt til að breyta uppgæfnum upplýsingum einhliða og án fyrirvara.